# Aðalskipulag Flóahrepps 2017-2029

## Sveitarfélagsuppdráttur - Súluholtshjáleiga efnistökusvæði

Flóahreppur




GILDANDI AÐALSKIPULAGSUPPDRÁTTUR




BREYTTUR AÐALSKIPULAGSUPPDRÁTTUR

### Skýringar

- Svæði sem breytingin nær til
- Landbúnaðarsvæði
- Skógræktar- og landgræðslusvæði
- Íbúðarbyggð
- Efnistöku- og efnislosunarsvæði
- Frístundabyggð
- Verslun- og þjónusta
- Vatnsból
- Tengivegir
- Héraðsvegir
- Slóðar
- Reiðleið
- Vatnsveita
- Rafveita, jarðstrengur
- Hverfisvernd
- Vatnsvernd fjarsvæði
- Vatnsvernd grannsvæði
- Landamerki, óviss og ekki tæmandi
- Fornminjar_hverfisvernd
- Skurðir
- Vatnafar
- Hæðarlínur
- Landbúnaðarsvæði flokkur I og II
- Ræktað land

### GREINARGERÐ

Gerð er breyting á Aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029. Sett er inn nýtt efnistöku- og efnislosunarsvæði á jörðinni Súluholtshjáleigu E24. Heimilað er að vinna allt að 48. þús m3 af efni á 1,7 ha svæði. Einnig er heimilt að losa jarðveg í námuna og ganga jafn óðum frá þeim hluta þar sem efnistöku er lokið. Á svæðinu hefur verið tekið efni um árabil til staðbundinna nota og er með aðalskipulagsbreytingunni verið að leiðrétta landnotkun.

Unnin var matsfyrirspurn, vegna efnistöku á mun stærra svæði, fyrir allt að 349.000m³ og var niðurstaða SLS að þar væri ekki um matsskylda framkvæmd að ræða. Nú er lögð fram aðalskipulagsbreyting fyrir lítinn hluta þess svæðis.

Efni úr námunni verður einkum nýtt í vegagerð við nýja brú yfir Ölfusá.

Í kafla 2.4.10 í greinargerð er bætt við nýju efnistökusvæði:

| Nr | Heiti svæðis | Lýsing | Jörð |
|---|---|---|---|
| E24 | Súluholtshjáleiga | Grjótnáma, stærð allt að 17.000 $m^2$ og efnismagn allt að 48.000 $m^3$. Heimilt er að losa samsvarandi magn af jarðvegi í námuna. | Súluholtshjáleiga |

Í gildandi skipulagi er stefna og reglur sem gilda um efnistöku í Flóahreppi og skal horfa til þeirra við vinnslu og frágang námunnar.

Áhrif af breytingunni eru metin óveruleg/jákvæð. Heimiluð er efnistaka og efnislosun þar sem grjót hefur verið tekið um árabil og eins hefur jarðvegur verið losaður. Áhrif af efnistöku snerta einkum næstu nágranna sem er jafnframt eigandi námunnar. Jákvæð áhrif verða aðallega því ef ekki fæst nægilegt efni í þessari námu þá þarf að sækja efni til vegagerðar í Lambafell með tilheyrandi akstri um lengri vegalengd.

Aðalskipulagsbreyting þessi hefur hlotið málsmeðferð skv. 2. mgr. 36 gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum. Aðalskipulagsbreytingin var samþykkt af sveitarstjórn Flóahrepps þann ____________

F.h. Flóahrepps

______________________________________________

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest af Skipulagsstofnun _________

______________________________________________

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda _________

SKIPULAGSGÖGN
Uppdráttur þessi með greinargerð.

0 0,4 0,8 1,6 2,4 3,2 4 km

N

EFLA

Aðalskipulag Flóahrepps 2017-2029
Sveitarfélagsuppdráttur - Súluholtshjáleiga efnistökusvæði

| Verk: | Blaðstærð: | Unnið: | Rýnt: |
|---|---|---|---|
| 113019 | A3 | IS | GAL |

| Mælikvarði: | Dags: | Breytt dags: |
|---|---|---|
| 1:50.000 | 04.02.2026 | |